

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 81/2015

2016/EES/42/08

frá 30. apríl 2015

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/38 frá 13. janúar 2015 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus acidophilus* CECT 4529 sem fôðuraukefni fyrir varphænur og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1520/2007 (leyfishafi er Centro Sperimentale del Latte) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/46 frá 14. janúar 2015 um leyfi fyrir díklasúrili sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, fyrir eldiskalkúna og fyrir perluhænsn til eldis og undaneldis (leyfishafi er Huvepharma NV) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/47 frá 14. janúar 2015 um leyfi fyrir blöndu með alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* (DSM 21564), sem fôðuraukefni fyrir mjólkurkúr (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp.Z.o.o.) ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzzzh (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1520/2007):
„– **32015 R 0038**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/38 frá 13. janúar 2015 (Stjtið. ESB L 8, 14.1.2015, bls. 4).“
2. Eftirfarandi bætist við á eftir 122. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1249/2014):
„123. **32015 R 0038**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/38 frá 13. janúar 2015 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus acidophilus* CECT 4529 sem fôðuraukefni fyrir varphænur og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1520/2007 (leyfishafi er Centro Sperimentale del Latte) (Stjtið. ESB L 8, 14.1.2015, bls. 4).
124. **32015 R 0046**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/46 frá 14. janúar 2015 um leyfi fyrir díklasúrili sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, fyrir eldiskalkúna og fyrir perluhænsn til eldis og undaneldis (leyfishafi er Huvepharma NV) (Stjtið. ESB L 9, 15.1.2015, bls. 5).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 8, 14.1.2015, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 9, 15.1.2015, bls. 5.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 9, 15.1.2015, bls. 8.

125. **32015 R 0047**: framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/47 frá 14. janúar 2015 um leyfi fyrir blöndu með alfaamýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus licheniformis* (DSM 21564), sem fóðurukefni fyrir mjólkurkúr (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp.Z.o.o.) (Stjtið. ESB L 9, 15.1.2015, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2015/38, (ESB) 2015/46 og (ESB) 2015/47, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.